

úr hendi, getur hreppsnefnd svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

15. nóvember 1995

Nr. 619

AUGLÝSING

um umferð í Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið, að Laugargata norðan Skólástígs verði vistgata.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 15. nóvember 1995.

Elías I. Elíasson.

28. nóvember 1995

Nr. 620

REGLUGERÐ

á grundvelli 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

1. gr.

Með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, eins og honum hefur verið breytt með lögum nr. 70/1993, skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en Íslands njóta sama réttar og íslenskir ríkisborgarar til að reka hér iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað. Eru þeir samkvæmt því undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang og þurfa eigi fremur en íslenskir ríkisborgarar að hafa búsetu hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, sbr. lög nr. 70/1993, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1995.

Finnur Ingólfsson.

Borkell Helgason.